

Fundargerð 40. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2020, mánudaginn 8. júní kl. 13:00 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna - heimildir aðila utan EES-svæðisins o.fl. - óskað umsagnar - 2002014SA

Lögð fram til kynningar og umræðu umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um eignarráð og nýtingu fasteigna.

Skipulagsmálanefnd tekur undir umsögn sambandsins.

2. Verkefnisstjórn til að vinna aðgerðaráætlun í loftslagsmálum - skipun - 1910027SA

Eygerður Margrétardóttir, fulltrúi sambandsins í verkefnastjórn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, gerði grein fyrir stöðu vinnu við 2. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Jafnframt fór hún yfir stöðu annarra verkefna á sviði loftslagsmála. Fram kom að umsókn sambandsins, Umhverfisstofnunar og Landverndar um styrk úr Lofslagssjóði til að vinna leiðbeiningar um gerð loftslagsstefnu sveitarfélaga og útbúa verkfærakistu fyrir sveitarfélög um innleiðingu loftslagsstefnu, fékk ekki úthlutun og því þarf að endurskoða næstu skref samráðsvettvangs sveitarfélaga varðandi lofslagsmál. Nefndin samþykkti svohljóðandi bókun:

Skipulagsmálanefnd þykir miður að metnaðarfullt verkefni sambandsins, Umhverfisstofnunar og Landverndar hafi ekki fengið styrk að þessu sinni. Forsenda þess að sveitarfélög geti sett og innleitt loftslagsstefnu, sem er ný skylda fyrir sveitarfélögin sem Alþingi hefur ákveðið, er að faglegur og fjárhagslegur stuðningur fái til þessa verkefnis.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir kom inn á fundinn 13:30

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki - flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð nr. 160/2010 - óskað umsagnar - 2005021SA

Lögð fram umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 18. maí 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um mannvirki. Tryggvi

Pórhallsson gerði grein fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpinu. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

Skipulagsmálanefnd fagnar framkomnum tillögum að breytingum á mannvirkjalögum. Að mati nefndarinnar stuðla breytingarnar að skilvirkari stjórnsýslu og hagkvæmara fyrirkomulagi á eftirliti sveitarfélaga, íbúum þeirra og atvinnulífi til hagsbóta.

Nefndin kallar eftir að samhliða þessum tillögum verði tekin afstaða til hugmynda um endurskoðað fyrirkomulag á gjaldskrár vegna þjónustu og eftirlits embætta byggingarfulltrúa sveitarfélaga. Mikilvægt er að tryggja betra samræmi en nú er og auka gegnsæi í gjalddöku.

4. Stofnframlög samkvæmt lögum um almennar íbúðir - 1607020SA

Tryggvi Pórhallsson gerði grein fyrir vinnu við úthlutun stofnframlaga á árinu 2020 og helstu álitæfnum því tengd. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

Skipulagsmálanefnd vekur athygli á því að hluti framkvæmda á vegum sveitarfélaga muni að óbreyttu ekki fá stofnframlag frá ríkinu við úthlutun ársins 2020. Forgangur sem sveitarfélögum er áskilinn samkvæmt lögum um framtíðarskipan húsnæðismála frá árinu 2016 hefur hingað til dugað en verulega aukin eftirspurn samhliða kröftugri uppbyggingu atvinnuhúsnæðis gæti leitt til þess að slá verði áföngum á frest. Aukið fjármagn í þetta verkefni myndi nýta samtakamátt ríkis og sveitarfélaga til uppbyggingar með tilheyrandi atvinnusköpun víðsvegar um land og sporna þannig við neikvæðum afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins. Nefndin skorar því á ríkið að bæta fjármunum í kerfið við úthlutun stofnframlaga á þessu ári.

Gauti Jóhannesson vék af fundi kl.14:00

5. Skipulagsmálanefnd sambandsins - yfirlit um stöðu helstu verkefna - 1810076SA

Lagt fram til kynningar og umræðu yfirlit sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs um helstu verkefni sambandsins á sviði skipulags- og umhverfismála, dags. 5. júní 2020.

Fram fóru almennar umræður um stöðu helstu verkefna en hægt hefur á vinnu margra starfshópa sem sambandið á aðild að vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Einnig var rætt um möguleg umfjöllunarefni á Skipulagsdeginum, sem haldinn verður í nóvember í samstarfi Skipulagsstofnunar og sambandsins. Fundarmenn voru sammála um að tilefni sé til að ræða reynslu sveitarfélaga af íbúasamráði í formi fjarfunda en fram kom að slíkt fyrirkomulag hafi orðið til þess að fjölbreyttari hópur einstaklinga hafi tekið þátt í samráði og fleiri sjónarmið og fyrirspurnir hafi komið fram en áður. Einnig kom fram áhugi á umfjöllun um samþættingu og sameiginlega kynningu stærri verkefna þar sem t.d. reynir bæði á breytingar á skipulagi og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Undir þessum lið gerði Sigurborg Ósk Haraldsdóttir einnig stuttlega grein fyrir vinnu Reykjavíkurborgar við breytingar á deiliskipulagi við suðurenda flugvallarsvæðis í Skerjafirði og svaraði spurningum fundarmanna.

6. Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum - átak í fráveitumálum, 776. mál - óskað umsagnar - 2005018SA

Lagt fram til kynningar bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku, dags. 2. júní 2020, um fyrirhugað átak í fráveitumálum, ásamt umsögn sambandsins um frumvarp til breytinga á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, dags. 18. maí 2020.

Fundi var slitið kl. 14:40

Bárður Guðmundsson

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Hrafnkell Á. Proppé

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir